

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 3. desember 2001, í fundarsal veitingahússins Gaflsins, Dalshrauni 13, Hafnarfirði og hófst hann kl. 17:30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk eftirtalinna starfsmanna: Guðmundar H. Einarssonar, Tore Skjenstad og Sigurjóns Hrólfssonar.

Í upphafi fundar stjórnaði Árni Sverrisson fundi vegna seinkunar formanns.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 46. fundar heilbrigðisnefndar.

Samþykkt

2. Fundargerð 38. starfsmannafundar frá 14. nóvember 2001.

2.1 Starfsleyfi.

2.1.1 Auðbrekka 26, Kópavogi – krydd-og bragðefnaframleiðsla.

Lögð fram umsókn Arnar Svavarssonar f.h. Heilsu ehf. kt: 680188-1229, dags. 23. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til krydd- og bragðefnaframleiðslu að Auðbrekku 26, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1 mánaðar.

2.1.2 Auðbrekka 28-30, Kópavogi - bílaleiga.

Lögð fram umsókn Þorsteins V Sigtryggssonar f.h. Stonee ehf. kt: 511001-2340, dags. 15. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílaleigu að Auðbrekku 28-30, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.3 Álfatún 2, Kópavogi - leikskóli.

Lögð fram umsókn Sesselju Hauksdóttur f.h. Kópavogsbæjar v/Leikskólans Álfatún kt: 700169-3759, dags. 26. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi að Álfatúni 2, Kópavogi. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1 mánaðar.

2.1.4 Dalbrekka 12, Kópavogi - heildverslun með matvæli.

Lögð fram umsókn Rúnars Karlssonar f.h. Lífsins tré kt: 440286-1279, dags. 26. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildverslunar að Dalbrekku 12, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1 mánaðar.

2.1.5 Elliðahvammur, Kópavogi, eggja- og kjúklingaframleiðsla og gisting.

2.1.5.1 Bændagisting.

Lögð fram umsókn Þorsteins Sigmundssonar f. h. Hvamms ehf. kt. 560986- 2039, dags. 26. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bændagistingar að Elliðahvammi, Kópavogi. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.6.2 Eggja- og kjúklingaframleiðsla.

Lögð fram að nýju umsókn Þorsteins Sigmundssonar f.h. Hvamms ehf. kt: 560986-2039, dags. 15. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs eggja- og kjúklingaframleiðslu

að Elliðahvammí, Kópavogi. Endurnýjun. Í samræmi við ákvæði í grein 24 í reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hefur tillaga að starfsleyfi legið frammi til kynningar fyrir almenning. Auglýsingar þar að lútandi voru birtar í Lögbirtingablaðinu 26. nóvember 2001 og í Fréttablaðinu 30. október 2001.

Athugasemd barst frá Þorsteini Sigmundssyni þar sem hann óskað eftir leyfi til rýmri framleiðslumarka en gert var ráð fyrir í starfsleyfis skilyrðum. Stærð búsins verður eftir sem áður í samræmi við skipulag og innan marka sem krefst staðfestingar Skipulagsstofnunnar ríkisins eða aðkomu Hollustuverndar ríkisins.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

2.1.6 Garðatorg 7, Garðabæ - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Rósu B Halldórsdóttur f.h. Snyrtistofunnar La Rosa kt: 420797-2149, dags. 26. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Garðatorgi 7, Garðabæ. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.7 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - verslun með málningarvörur.

Lögð fram umsókn Hallgríms Ingólfssonar f.h. Byggt og Búið ehf. kt: 590299-2199, dags. 23. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með m. a. málningarvörur o.þ.h. að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.8 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - gjafavöruverslun.

Lögð fram umsókn Hrafnhildar Árnadóttur f.h. Ótrúlegu búðarinnar kt:470289-1479, dags. 27. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gjafavöruverslunar þ.m. talið vörutegunda sem innihalda varasöm efni, að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.9 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - snyrtivöruverslun.

Lögð fram umsókn Jónínu Gunnarsdóttur f.h. The Body Shop kt: 570591-1429, dags. 28. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtivöruverslunar að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.10 Hæðarsmári 4, Kópavogi - veitingastaður.

Lögð fram umsókn Friðdóru Kristinsdóttur f.h. Quiznos ehf. kt: 510700-3090, dags. 29. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Hæðasmára 4, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1 mánaðar.

2.1.11 Hörgatún 2, Garðabæ - heildverslun með snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Franks Pitt Davíðssonar f.h. Pharmaco h.f. kt: 500269-7319, dags. 27. nóvember 2001, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til reksturs heildsölu með ilmvatni og snyrtivöru að Hörgatúni 2, Garðabæ. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.12 Kársnesbraut 93, Kópavogi - gleriðja.

Lögð fram umsókn Ólafs Yngva Högnasonar f.h. Listglers, gleriðju kt: 671178-0419, dags. 8. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gleriðju að Kársnesbraut 93, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist samþykkttri notkun fasteignar

2.1.13 Miðhraun 11, Garðabæ - prentiðnaður.

Lögð fram umsókn Jóns B. Stefánssonar f.h. Sjóklæðagerðarinnar h.f. kt: 550667-0299, dags. 22. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentiðnaðar að Miðhrauni 11, Garðabæ. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.2 Umsagnir.

2.2.1 Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi - Energía, Vetrargarðurinn.

Lagt fram bréf Bæjarlögmanns Kópavogsbæjar dags. 27. nóvember 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Júlíu Margrétar Jónsdóttur kt: 050269-3379, sem sækir um leyfi til áfengisveitinga í veitingahúsinu Energía í Vetrargarðinum, Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn með tilliti til svipmóts..

2.3 Tóbaksleyfi.

2.3.1 Hvaleyrarbraut 13, Hafnarfirði - Krónan

Lögð fram umsókn Sigurjóns Gunnlaugssonar f.h. Krónunnar kt: 711298-2239, dags. 27. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu að Hvaleyrarbraut 13, Hafnarfirði.

2.4 Smyrlahrauni 41, Hafnarfirði - skip.

Lögð fram umsókn Einars Hallssonar f.h. Skipaþjónustunnar kt: 600794-2489, dags. 23. nóvember 2001, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu til skipa. að Smyrlahrauni 41, Hafnarfirði.

2.5 Önnur mál

2.5.1 Gámaþjónustan - Sorpflutningar og sorphirða.

Lögð fram umsókn Inga Arasonar f.h. Gámaþjónustunnar hf. kt:410283 0349, dags. 5. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til sorpflutninga og sorphirðu á starfssvæði nefndarinnar. Endurnýjun.

Í samræmi við ákvæði í grein 24 í reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun hefur tillaga að starfsleyfi legið frammi til kynningar fyrir almenning. Auglýsingar þar að lútandi voru birtar í Lögbirtingablaðinu 26. nóvember 2001 og í Fréttablaðinu 30. október 2001.

Engin athugasemd barst.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina.

2.5.2 Gámakó - Sorpflutningar og sorphirða.

Lögð fram að nýju umsókn Atla Ómarssonar f.h. Gámakó hf. kt: 560694 2619, dags. 11. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til sorpflutninga og sorphirðu á starfssvæði nefndarinnar. Endurnýjun. Í samræmi við ákvæði í grein 24 í reglugerð 785/1999 „um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun hefur tillaga að starfsleyfi legið frammi til kynningar fyrir almenning. Auglýsingar þar að lútandi voru birtar í Lögbirtingablaðinu 26. nóvember 2001 og í Fréttablaðinu 30. október 2001.

Engin athugasemd barst.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina.

3. Merkingakönnun - úðabrusar.

Lögð fram drög að skýrslu um merkingu úðabrusa en könnun var gerð sumarið 2001 á framkvæmd varnaðarmerkinga, ápreifanlegra viðvarana um hættu og notkun öryggisloka. Helstu niðurstöður eru að ástand á merkingum úðabrusa hefur batnað til muna frá könnun sem gerð var 1999.

4. Starfsleyfi fyrir Reykjavíkurlflugvöll.

Lögð fram til kynningar tillaga að starfsleyfi fyrir Reykjavíkurlflugvöll sem auglýst hefur verið samkvæmt ákvæðum í reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Til fundar mættu Andrés Pétursson og Páll Stefánsson

5. Varnir gegn mengun vatns.

Tore Skjenstad, heilbrigðisfulltrúi, kynnti helstu niðurstöður örverumælinga úr vöktunarverkefnum vegna verndunar vatns í lækjum á eftirlitssvæðinu.

Í ljós kom að ófullnægjandi ástand var víða vegna mikillar saurmengunar.

6. Heimasíða.

Kynnt var vinna við undirbúning að heimasíðu vegna starfsemi heilbrigðiseftirlitsins en sú vinna er nú langt komin.

7. Önnur mál.

7.1 Umsjón með norrænum samstarfsverkefnum.

Rætt var um að heilbrigðiseftirlitið gæti orðið þáttakandi í norrænum samstarfsverkefnum á sviði umhverfismála með því að bjóða fram starfskraft til umsjónarstarfa.

Ákveðið var að láta reyna á þetta með umsókn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Árni Sverrisson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigfríður Ingvarsdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigurgeir Ólafsson

Gestur Pétursson

Andrés Pétursson